

93 með þar til hæftri flugvél frá 15. júní til 15. september það ár, sem um styrk úr 14. júní sjóðnum er að ræða. Þann $\frac{1}{10}$ hluta, sem ekki er notaður í framangreindu skyni, skal leggja í sjóð til eflingar flugferðum, og nefnist sá hluti sjóðsins Flugferðadeild Flugmálasjóðs.

6. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi stjórn sjóðsins og reikningshald, og skal ávaxta fé hans í Landsbankanum. Reikninginn skal árlega birta í Stjórnartíðindunum.

7. gr.

Umsóknir um styrk úr Flugmálasjóði, ber að senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu að loknum sildveiðitíma ár hvert, ásamt nauðsynlegum skilríkjum um notkun flugvéla til sildarleitar. Skal fylgja vottorð lögreglustjóra á þeim stað, þaðan sem flugvélinni er haldið úti til sildarleitar, um það, hversu lengi henni hafi verið haldið út.

Umsóknir um styrk úr Flugferðadeild ber sömuleiðis að senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, ásamt upplýsingum um til hvers nota eigi styrkinn.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. júní 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

94

28. ágúst

AUGLÝSING

um

breyting á erindisbréfi fyrir fiskimatsmenn frá 7. apríl 1922, sbr. augl. frá 13. ág. 1926.

Kaup það, sem ákveðið er fyrir fiskimatsmenn í 5. gr. erindisbréfs fyrir fiskimatsmenn frá 7. apríl 1922, sbr. auglýsingu frá 13. ágúst 1926, skal frá 1. september þ. á. vera 2 krónur um hverja klukkustund á virkum dögum, en á helgidögum 2 kr. og 50 aur. um klukkustund, hvort sem er við flokkun fiskjar, umsjón með vigtun hans, útskipun, hleðslu eða annað.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar og til eftirbreytni öllum þeim, 94
sem hlut eiga að máli. 28. ágúst

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. ágúst 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

95

7. okt.

um

sérstaka friðun rjúpna.

Með því að rjúpur eru nú svo fáar í landinu, að þeirra verður ekki mik-
ið vart, þá þykir vera ástæða til að friða rjúpuna alveg þetta ár.

Samkvæmt lögum nr. 27 frá 1924, um breytingu á lögum nr. 59 frá 1913,
um friðun fugla og eggja, skipar ráðuneytið því svo fyrir, að rjúpan, sem
annars að lögum er friðuð ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 15. október,
skuli á þessu ári einnig vera friðuð á tímabilinu frá 15. október til ársloka.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. október 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Gissur Bergsteinsson.

REGLUGERÐ

96

8. okt.

um

breyting á reglugerð 13. maí 1930, um varnir gegn útvarpstruflunum.

Samkvæmt lögum nr. 62, 19. maí 1930, um heimild handa ríkisstjórn-
inni til ríkisrekstrar á útvarpi, er hér með gerð eftirfarandi breyting á reglu-
gerð 13. maí 1930, um varnir gegn útvarpstruflunum.

1. gr.

Í stað orðanna „stjórn landssímans“ í 1. gr. komi: „útvarpsstjóra“.